

## Fundargerð

### 203. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs

Priðjudaginn 2. september 2014 kl. 12<sup>15</sup>–14<sup>10</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS) (fjarverandi)  
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Halldór Haraldsson (HH)  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Raf- og rafeindatækjaúrgangur
- (3) Ársfundur 2014
- (4) Endurskoðunarbréf 2013
- (5) Rekstur janúar – júlí 2014
- (6) Ráðstöfunaraðilar
- (7) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (202. fundar).

#### 2. Raf- og rafeindatækjaúrgangur

ÓK fór yfir það að Úrvinnslusjóður mun taka yfir málefni er varða meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgang.

Lagt var fram á fundinum og farið yfir erindi sem flutt voru á kynningarfundum um raf- og rafeindatækjaúrgang sem haldinn var af Úrvinnslusjóði þann 19. júní 2014. Kynningarfundurinn var skref í undirbúningi vinnu við skilmála fyrir raf- og rafeindatækjaúrgang sem unnið er að hjá starfsmönnum Úrvinnslusjóðs í samræmi við lög nr. 63/2014 um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs nr.55/2003.

ÓK fór yfir að í lögum um meðhöndlun úrgangs segir að sveitarstjórnir skulu sjá um að til staðar sé aðstaða til að taka gjaldfrjálst við raf- og rafeindatækjaúrgangi. Þar segir jafnframt að framleiðendur og innflytjendur skulu kosta geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs á söfnunarstöðvum sveitarfélaga.

ÓK fór yfir það að væntanlegir þjónustuaðilar hafa lýst þeirri skoðun sinni að einfaldast væri að fella þessar greiðslur til sveitarfélaga inn í endurgjald fyrir ráðstöfun og að þjónustuaðilar skilðu því til sveitarfélaga.

Á ofangreindum kynningarfundum kom fram hjá UAR að þrátt fyrir orðalag laganna um hlutverk sveitarfélaga varðandi söfnunarstöðvar gæti Úrvinnslusjóður ákveðið að kosta geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs hjá fleiri aðilum en sveitarfélögum. Fjallað var um tilskipun 2012/19/ESB. Einnig um breytt söfnuarmarkmið á raf- og raftækjaúrgangi. Lögð voru fram á fundinum erindi frá kynningarfundinum er fjölluðu um:

- Fjöldi raf- og rafeindatækjaflokka (uppgjörsflokkar og gjaldaflokkar)

- Skilmálar – fjöldi samninga
- Flutningagreiðslur – fyrirkomulag
- Upplýsingar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs
- Skráningarkerfi Umhverfisstofnunar

UAR hefur lagt fram drög að frumvapi um álagningu úrvinnslugjalds á raf- og rafeindatæki sem sent hefur verið fjármálaráðuneyti til yfirlstrar. Drögin voru lögð fram á fundinum. Fundarmenn fóru yfir athugasemdir er fylgir frumvarpinu.

Fundarmenn ræddu um að halda kynningu á væntanlegum breytingum á fyrirkomulagi við innheimtu og meðhöndlun raf- og rafeindatækja fyrir félagsmenn hjá samtökum er starfa innan atvinnulífsins.

### **3. Ársfundur 2014**

ÓK upplýsti á fundinum að ársskýrsla Úrvinnslusjóðs fyrir 2013 væri komin í prentun. Stjórnarmenn ræddu hugsanlega dagsetningu fyrir aðalfund Úrvinnslusjóðs.

### **4. Endurskoðunarbréf 2013**

Lögð voru fram á fundinum drög að endurskoðunarbréfi Ríkisendurskoðunar fyrir 2013. Farið var yfir helstu niðurstöður. Fulltrúar Úrvinnslusjóðs og Ríkisendurskoðunar munu fara yfir drögin áður en að formlegt endurskoðunarbréf verður gefið út.

### **5. Rekstur janúar – júlí 2014**

Lagt var fram á fundinum smámyndayfirlit yfir rekstur janúar til júlí 2014 og samanburður við síðasta ár.

### **6. Ráðstöfunaraðilar**

Hollenska fyrirtækið America Chung Nam B.V. sækir um að gerast ráðstöfunaraðili vegna meðhöndlunar á pappa- pappírs- og plastumbúðaúrgangi.

*Samþykkt.*

GPO ehf. sækir um leyfi til móttöku og vinnslu heyrúlluplasts allt að 70 tonnum.

*Samþykkt að veita GPO ehf. leyfi til 6 mánaða til að meðhöndla allt að 70 tonnum af heyrúlluplasti og gefa út móttökukvittanir til þjónustuaðila á sama tíma. Leyfið gildir frá og með 1.10.2014- 1.04. 2015.*

### **7. Önnur mál**

Farið var yfir stöðu vinnu vegna hugsanlegrar meðhöndlunar á glerumbúðum. Úrvinnslusjóður og Endurvinnslan eru að vinna að málinu og hafa kynnt það fulltrúum á umhverfissviði Reykjavíkurborgar. Einnig var rætt um innsöfnun og meðhöndlun á blönduðu plastumbúðaúrgangi frá heimilum. Verktakar eru að undirbúa sendingar af umbúðaúrgangi til endurvinnslu í Svíþjóð.

Næsti fundur ákveðinn 16. september 2014.  
Fundu slitið kl 14:10